



## Brunavarnir A-Hún.

Mánudaginn 22. september 2008 kom stjórn Brunavarna A-Hún. saman til fundar að Hnjúkabyggð 33, Blönduósi.

### Dagskrá:

1. Umræður um nýtt viðverðuplan.
2. Önnur mál

### Afgreiðslur:

1. Slökkviliðsstjóri fór yfir viðræður innan slökkviliðsins um viðveru slökkviliðsmanna á starfssvæðinu og hugsanlegar greiðslur fyrir þá kvöð sem því fylgir. Ekki virðist áhugi á því að breyta núverandi kerfi að svo komnu máli. Stjórnin er sammála um að halda áfram núverandi viðverukerfi með þeirri breytingu að helgarvaktir verði í höndum fjögurra aðila og rúllar það þannig að einn er á vakt í einu og er með fjórðu hverja helgi. Vaktir virka daga verða í höndum slökkviliðsstjóra og staðgengla í fjarveru hans.
2. Önnur mál.
  - a) Lögbýli sem heyra undir reglulegt eldvarnareftirlit eru um 180 og eru þeir heimsóttir á 3ja ára festi. Í ár er búið að heimsækja 45 bæi. Slökkviliðsstjóri reiknar með að ná því að heimsækja alla bæi fyrir næstu áramót.
  - b) Slökkviliðsstjóri fór yfir undirbúning að fræðslufundi um auknar brunavarnir í útihúsum í dreifbýli. Stefnt að því að halda fundinn á haustmánuðum.
  - c) Slökkviliðsstjóri fór yfir hugleiðingar um endurnýjun á tækjakosti Brunavarna. Komið er að endurnýjun á slökkvibíl og var slökkviliðsstjóra falið að afla tilboða í bíla og leggja fram á næsta aðalfundi.
  - d) Farið var yfir undirbúning fyrir aðalfund sem haldin verður í október.

Fleira var ekki bókað.

Fundargerð upplesin og samþykkt.

Jón Aðalsteinn Sæbjörnsson (sign)  
Gróa Lárusdóttir (sign)  
Andrés I. Leifsson, slökkviliðsstjóri (sign)

Ágúst Þór Bragason (sign)